

Umsögn – Stjörnuhóls kt 461217-0870 vegna leigueignar:

Á undanförunum árum hefur fjöldi lögaðila endurnýjað og/eða byggt íbúðarhúsnæði í Grindavík og þannig lagt sitt lóð á vogaskálar til lausnar á þeim húsnæðisvanda sem vaxið hefur hér á landi síðustu misseri. Í kjölfar hamfaranna á Reykjanesskaga, og takmörkun ríkisvaldsins á aðgengi og afnotum á íbúðarhúsnæði, hafa lögaðilar hvorki getað selt sitt íbúðarhúsnæði né leigt út og haft af því tekjur. Ljóst er að eigið fé lögaðila sem bundið í íbúðarhúsnæði í Grindavík verður ekki nýtt til að fjármagna byggingu nýs húsnæðis.

Höfum áður sent inn umsögn vegna mál nr. S-38/2024 að íbúðarhúsnæði í fyrirtækjæigu þar sem bent er á réttindi og skyldum tengt íbúðarhúsnæði þar sem lögaðilar og einstaklingar ættu að lúta sömu reglum og lögum, - sama ábyrgð er til staðar gagnvart þriðja aðila.

Þegar um er að ræða atvinnustarfsemi sem byggir á útleigu húsnæðis í Grindavík þá nær þessi rekstrarstuðningur ekki um slíka starfsemi og gætir því ekki jafnræðisreglna og það þarf að bæta.